



2025/2026

Handbók leikja í meistaraflokki

Útgefin af mótanefnd HSI

- 1.9.2024 -



Inngangur

Mótanefnd HSÍ gefur árlega út *Handbók leikja í meistaraflokka* þar sem sjá má leiðbeiningar um hvernig skal standa að framkvæmd leikja.

Öllum þeim sem koma að framkvæmd leikja er bent á að kynna sér rækilega reglugerðir HSÍ um handknattleiksmót, Íslandsmót og bikarkeppni, svo og leikreglur sem gefnar eru út af IHF í þýðingu HSÍ. Allar slíkar upplýsingar eru aðgengilegar á vef HSÍ, www.hsi.is.

Þar sem leiðbeiningar þessar stangast á við ofangreindar reglugerðir og leikreglur víkja leiðbeiningarnar.

Mótanefnd óskar eftir því að aðilar komi ábendingum til mótastjóra HSÍ verði þeir varir við skekkjur eða ósamræmi í leiðbeiningunum.

Mótanefnd vonar að leiðbeiningar þessar verði öllum þeim sem koma að framkvæmd leikja, svo og öllum þeim sem áhuga hafa á þeim málum, til glöggvunar og hjálpar við störf sín.

Skrifstofa HSÍ

Skrifstofa HSÍ er opin alla virka daga frá 9-16.

Sími: 514-4200

Heimasíðan er www.hsi.is. Þar má finna allar upplýsingar um deildirnar, leiki, úrslit og fleira.

Tölvupóstur hsi@hsi.is.

Mótastjóri HSÍ:

Ólafur Víðir Ólafsson

Sími: 514-4204



GSM: 869-1817

olafur@hsi.is

Meistaraflokkar karla og kvenna

Auglýsingar og viðtalsveggur

Gólf auglýsingum skal raðað upp eins í öllum húsum. (sjá mynd 1), ath að uppröðunin á myndinni er til viðmiðunar. Leyfilegt er að setja fleiri skilti í röðinni sitt hvoru megin við miðjúlínu. Leyfilegt er að fylla vítateiga með einni auglýsingu en þá skal farið eftir mynd 2.




Í Olísdeildum eru tvö auglýsingaskilti 1 x 2 metrar með merki Olísdeildarinnar skulu staðsett í vinstra og hægra horni á leikvangi, gegnt myndavélum rétthafa (sjá mynd 1). Annað auglýsingapláss er í höndum heimaliðs. Ef félög eru með LED skilti er fullnægjandi að merki Olísdeildar sé á birtingarlista.

Ath. að gengið skal þannig frá auglýsingaskiltum að leikmönnum eða öðrum stafi ekki hætta af þeim á meðan leik stendur. Skoða skal sérstaklega kanta á skiltum sem standa í átt að leikvellingum. Ef eftirlitsmaður metur að þau uppfylli ekki öryggiskröfur gerir hann athugasemd í umgjarðarskýrslu og skulu úrbætur gerðar innan tveggja vikna. Ef ekki verður brugðist við þeim ber eftirlitsmanni að fjarlægja þau skilti sem ekki uppfylla þessar öryggiskröfur að hans mati.

Leika skal með opinberan bolta deildarinnar, Select-bolta sem HSÍ útvegar (sjá mynd 5).

Auglýsing frá samstarfsaðila deildarinnar skal vera á vinstri ermi á búningi allra leikmanna (sjá mynd 3).

Aðstaða fyrir sjónvarpsvélur skal vera gegnt áhorfendasvæði, verði því viðkomið. Séu áhorfendasvæði báðum megin skal leitast við að hafa sjónvarp gegnt áhorfendum heimaliðs. Einnig skal tryggja að kveikt



Mynd 3



Mynd 5 (Sama útlit er á boltanum í ka og kv flokki)

sé á föstum upptökuvélum og sjá til þess að ekkert sé fyrir og trufla útsendingu.

Bannað er að taka myndbandsviðtöl annars staðar í húsinu en á viðtalssvæði með viðtalsvegg sem HSÍ útvegar í bakgrunni. Það er þörf á að brýna fyrir fjölmiðlamönnum, leikmönnum og þjálfurum hvar þeir eiga að láta taka viðtöl. Við brot á þessu ákvæði hefur mótanefnd heimild til að sekta félög. Skilti með lógóum samstarfsaðila félagsins og Olísdeildarinnar skal vera í bakgrunni á viðtalssvæði.

Leikklukka

Á leikklukku skulu leiktími, skor og brottvísunartímar sjást skýrt og greinilega allan leikinn á báðum klukkum (undantekning í leikhléum). LED skjáum í íþróttahúsum landsins hefur fjölgað undanfarin ár og bjóða þeir upp á ótal möguleika með grafík á skjánum (leikklukkunni) á meðan leik stendur, þar verður sérstaklega að passa uppá þessi atriði. Ath að ekki er nóg að eingöngu annar skjáinn sýni áður upptalin atriði.

Leikhléshnappar

Frá og með tímabilinu 2025/2026 skulu rafrænir leikhléshnappar vera til staðar á leikjum í Olísdeild karla og kvenna. Heimilt er að nota hnappana í öðrum deildum en það er þó ekki skylda. Ath að alltaf skal vera með leikhlésspjöld til vara ef hnappar klikka.

Stuðningsmenn

Mikilvægt er að áhorfendur hafi möguleika á að kaupa sér veitingar á meðan á leik stendur. Eingöngu ein bassatromma er leyfð frá hvoru félagi og öll notkun gaslúðra er bönnuð á leikjum. Jafnframt er öll notkun á trommum, lúðrum eða öðrum hlutum sem framkalla hávaða bönnuð fyrir aftan ritara-/ tímavarðarborð og skiptisvæði liðanna. Notkun á confetti sprengjum skal vera í samráði við eftirlitsmann leiks og skal gæta þess að confetti berist ekki inn á leikvöll. Mótanefnd hefur heimild til að sekta félög fylgi stuðningsmenn ekki þessum reglum.

Lyfjapróf

Heimaliði er skylt að hafa tilbúna aðstöðu þar sem lyfjaeftirlit getur farið fram án truflana.

Lýsing

Lýsing skal að minnsta kosti uppfylla reglur um lýsingu handboltavalla samkvæmt staðli ÍST EN 12193 *Light and lighting – Sports lighting* samkvæmt töflu A.2 Class I þar sem meðalbirtan er 750 lux og jafnleiki 0,70 á öllum vellinum. Litarhitastig lýsingar skal vera 4000K eða hærra og litarendurgjöf CRI 80+.

Leifturljós (e. strobe) eru ekki leyfð eftir að leikur er hafinn.

Blaðamenn

Ábyrgðarmaður leiks skal fara yfir og kanna hvort allar aðstæður fyrir blaðamenn séu í lagi 45 mín fyrir leik. Fulltrúi heimaliðs sér um að afrit leikskýrslu séu komin í blaðamannastúku 30 mín fyrir leik.

Aðstaða fyrir blaðamenn skal vera á góðum stað með borði, stól, nettengingu og veitingum.

SÉRSTAKLEGA NAUÐSYNLEGT ER AÐ KANNA NETTENGINGU OG AÐ HÚN SÉ VIRK FYRIR LEIKI.

Ábyrgðarmaður leiks skal kanna nettengingu í aðstöðu blaðamanna á leikdegi. Nauðsynlegt er að nægjanlega margar nettengingar séu til staðar í hverju íþróttahúsi. Best er ef þráðlaust net er til staðar þannig að aðgangur að því sé ekki háður fjölda blaðamanna. Nettenging fyrir blaðamenn þarf að vera læst fyrir almenning. Sjá þarf um að næg rafmagnstengi séu til staðar í blaðamannastúku.

Ábyrgðarmaður leiksins stjórnar því hvar ljósmyndarar eru staðsettir og skulu þeir vera aðgreindir á leiknum (t.d. með vesti í stærri leikjum).

Kynning á leik

Mikilvægt er að vanda vel til verka í auglýsingum og kynningu á leik.

Þremur dögum fyrir heimaleik skal leikurinn auglýstur sem best, til dæmis með auglýsingaspjöldum, skiltum á umferðaejrum, dreifimiðum, heimsóknum í skóla, frímiðum fyrir yngri iðkendur, á heimasíðum, á samfélagsmiðlum, öðrum miðlum og póstlistum félaga.

Aðrar hugmyndir til að kynna leiki:

- Viðburðir sem auka kynningu fyrir félagið og liðið, virkja markhópa og vinna með samstarfsaðilum félagsins, til dæmis með leikjum í hálfleik.
- Finna upp nýjungar á leikjum sem skapa aukinn áhuga á því að koma á leikina.
- Virkar heimasíður/facebook-síður félaga fyrir og eftir leiki.
- Kynna leikina á Facebook, X, Snapchat, Tiktok, Instagram og öðrum samfélagsmiðlum.
- Setja stöðu á X á 10 mínútna fresti
- Nota skal myllumerkin #olisdeildin #handbolti #breytumleiknum
- Setja stemnings myndir á Instagram

- Nýta kynningarefni frá Olís

Heimaleikir

- Starfsmannalisti skal vera tilbúinn daginn fyrir leik, mælt er til þess að allir starfsmenn séu merktir. Heimalið skal útvega alla starfsmenn á leiki og eru þeir eftirfarandi:
 - Ábyrgðarmaður leikja
 - Kynnir
 - Tónlistarstjóri (getur verið sami aðili og er kynnir)
 - Tímavörður
 - Ritari (sem er kunnugur HB ritara og þekkir forritið)
 - Tveir til að þurrka af gólfi
 - 4-8 öryggisverðir í áberandi merktum bolum eða vestum (öðrum en aðallit félags)
 - Fjölmíðlafulltrúi (getur verið ábyrgðarmaður leikja)
 - HB statz
 - Tveir aðilar

Starfsfólk íþróttahúss getur ekki verið á starfsmannalista þegar það er á vakt.

- Uppröðun auglýsinga í og við íþróttahús skal vera klár og öll skilti komin í hús. Ath að leikmönnum stafi ekki hætta að skiltum.
- Athuga hvort aðstaða blaðamanna er í lagi, t.d. hvort nettengingar virki og rafmagnsinnstungur séu tengdar. Nauðsynlegt er að athuga þetta daginn fyrir hvern leik þannig að ef bilanir koma upp gefist tími til viðgerða. Þægilegast er að hafa þráðlausar tengingar sem geta tekið við nokkrum notendum. **Ekki skal gera ráð fyrir að hlutirnir séu í lagi, þá verður að prófa.** Ef margir hafa aðgang að tækjunum (t.d. þjálfarar ýmissa íþróttagreina, íþróttakennarar o.fl.) má gera ráð fyrir að einhverjar bilanir verði yfir veturinn. Gott getur verið að hafa þráðlausan 4G netbúnað til taks ef bilun kemur upp í húsinu rétt fyrir eða á meðan á leik stendur.
- Prófa hljóðkerfi, bæði tengingar fyrir tónlist (við tölvu/síma) og hljóðnema. **Ekki skal gera ráð fyrir að hlutirnir séu í lagi, þá verður að prófa.** Ef margir hafa aðgang að tækjunum (t.d. þjálfarar ýmissa íþróttagreina, íþróttakennarar o.fl.) má gera ráð fyrir að einhverjar bilanir verði yfir veturinn.
- Athuga að tónlist sé tilbúin, að tónlistarval henti sem flestum í húsinu og að styrkur sé ekki of mikill.
- Athuga að þeir tveir aðilar sem taka HB Statz tölfraði kunni á kerfið.
- Panta veitingar (blaðamenn, VIP o.fl.)
- Tölva og nettenging á ritaraborði þarf að vera til staðar vegna HB ritari. Athuga hvort öll eyðublöð sem tengjast leiknum séu til staðar; leikskýrslur, ritarablöð, TTO spjöld o.fl.
- Fara yfir viðtalssvæði fyrir sjónvarp. Það á að vera á stað þar sem áhorfendur komast ekki að til að trufla viðtalið og á að vera nægjanlega rúmt til að tvær sjónvarpsstöðvar geti tekið viðtal í einu. Skilti með lógóum samstarfsaðila félagsins og samstarfsaðila deildarinnar er í bakgrunni á öllum viðtölum við þjálfara og leikmenn.
- Fara yfir sjálfvirkar upptökuvélar og tryggja að ekkert hindri útsendingu þeirra.

11. Tryggja að leikskýrsla sé klár fyrir tæknifund.

Starfsmenn

Ábyrgðarmaður

Ábyrgðarmaður skal vera á öllum leikjum og hlutverk hans er að sjá til þess að umgjörð leikja sé í öllu eftir þeim reglum sem HSÍ setur upp fyrir leiktíðina. Hann er ábyrgur fyrir því að á leikdegi sé allt sem þarf til staðar og að leikurinn geti farið hnökralaust fram. Hann gefur sig fram við dómara og eftirlitsmenn þegar þeir mæta til leiks. Á meðan leik stendur skal ábyrgðarmaður eða staðgengill hans vera staðsettur fyrir aftan tímavarðarborð þannig að eftirlitsmaður eða dómara geti náð til hans þegar á þarf að halda.

Kynnir / Tónlistarstjóri

Kynnir þarf að vera vanur og starfi sínu vaxinn. Kynnir byrjar að leika tónlist 45 mín. fyrir leik, honum ber að passa að tónstyrkur sé þannig að öllum líði vel í salnum og að fólk geti talað saman. Kynnir ber ábyrgð á að tímasetningum sé framfylgt í samráði við eftirlitsmann/dómara og ábyrgðarmann leiks.

Kynnir skal kalla Olísdeildina réttu nafni og bjóða leikmenn, dómara, eftirlitsmann/-menn og áhorfendur velkomna á leikinn í nafni heimaliðs og Handknattleikssambands Íslands.

Kynnir verður að klára hljóðprófanir á hljóðkerfi tímanlega fyrir leik og tryggja að „echo“ eða annað trufla ekki leik.

Þegar kynning á leikmönnum, dómurum og eftirlitsmönnum hefur farið fram og lið eru að heilsast skal kynnir lesa upp eftirfarandi texta:

“Til að tryggja heiðarlegan leik gagnvart öllum þátttakendum leiksins, leikmönnum, dómurum og starfsmönnum og með handboltaíþróttina í huga viljum við biðja ykkur áhorfendur góðir að styðja ykkar lið með háttvísi í huga og sýna jákvætt hugarfar gagnvart öllum þátttakendum sem og öðrum áhorfendum. Takk fyrir.”

Kynnir skal ávallt sýna aðkomuliði og áhorfendum þeirra íþróttamannslega hegðun og kurteisi. Kynni er heimilt að hvetja áhorfendur til að styðja sín lið, en ekki sérstaklega heimalið. Kynnir skal ávallt í lok leiks þakka áhorfendum og leikmönnum fyrir komuna og minnst á næstu leiki deildarinnar.

Kynnir skal tala skýrt og greinilega þegar mörk eru skoruð eða þegar markvörður ver boltann (hjá báðum liðum). Ekki undir neinum kringumstæðum er heimilt að lýsa leik eða atvikum eða koma með athugasemdir um dómgæslu.

- Kynnir þarf að vera búinn að kynna sér inngöngu liða þannig að kynning leikmanna og dómara fari vel fram.
- Kynnir skal vera undirbúinn og hafa leikskýrslu, tímaplan fyrir inngöngu, upplýsingar um markahæstu leikmenn deildarinnar og aðrar upplýsingar sem getur verið gott að hafa.
- Kynnir skal kynna leikmenn, dómara og eftirlitsmenn.
- Kynnir skal lesa háttvísitextann fyrir leik.

- Kynnir skal vera upplýstur um atburði fyrir leik, hálfleik og eftir leik. (Hér gætu t.d. verið viðurkenningar, mínútu þögn vegna minningar fyrir leik, eða hálfleiksþrautir svo eitthvað sé nefnt).
- Kynnirinn skal ekki tala á meðan leikurinn er í gangi (bolti er í leik).
- Kynnirinn skal stuðla að góðu andrúmslofti á meðal áhorfenda og biðja áhorfendur að hætta öllu sem getur flokkast undir: kynþáttafordóma, póltískan óhróður eða níðsöngva um andstæðinga.
- Ef upp kemur að óleyfileg hljóðfæri svo sem gaslúðrar eða dómaraflautur séu notuð, eða confetti berst inn á leikvöll skal kynnir aðstoða við að notkun þeirra verði hætt.
- Kynnirinn skal ekki misnota aðstöðu sína á neinn hátt.
- Í lok leiks skal kynnir þakka fyrir og minna á næsta heimaleik félags.

Heimilt er að leika tónlist á meðan boltinn er úr leik, sjá skýringar í leikreglum um hvenær boltinn er úr leik. Ekki er heimilt að leika tónlist á meðan leikur er í gangi. Ef spiluð er tónlist t.d. eftir skorað mark skal sýna háttvísi og leika tónlist eftir skoruð mörk beggja liða, sama á við ef spiluð er tónlist eftir að leikmaður fær tveggja mínútna brottvísun eða rautt spjald. Ekki er heimilt að leika tónlist sem getur talist neikvæð eða niðrandi. Kynnir skal alltaf gæta háttvísi og heiðarleika íþróttinni til heilla. Með öllu er óheimilt að nota hljóðkerfi til þess að hvetja lið eða koma með athugasemdir um frammistöðu leikmanna eða dómara.

Tímavörður og ritari

Tímavörður og ritari skulu vera mættir 45 mínútur fyrir leik. Þeir skulu hafa sótt námskeið hjá HSÍ og þekkja starfið vel. Tímavörður skal hafa yfirgripsmikla kunnáttu á leikklukkunni. Ritari þarf að þekkja HB ritara og vera kunnugur forritinu. Tímavörður og ritari skulu yfirfara ritaraborð, tölvu og klukku tímanlega áður en leikur hefst.

Öryggisverðir/gæsla

Gæsla skal vera sýnileg á leikjum og gæslumenn sérstaklega auðgreindir þannig að allir geti séð um að starfsmann er að ræða, til dæmis með gulum vestum. Það er á ábyrgð heimaliðsins að öryggi dómara, eftirlitsmanna, leikmanna, starfsmanna liða og áhorfenda sér tryggt. Strax eftir leik skulu starfsmenn tryggja öryggi dómara og fylgja þeim eftir til búningsklefa þegar þeir óska. Starfsmenn skulu gæta þess að leikmenn, starfsmenn liða og dómara fái frið til að fara til búningsklefa strax að leik loknum og ónæði verði ekki umfram það sem viðkomandi óska.

HB statz

Lið í Olísdeildum þurfa að taka tölfræði í öllum leikjum liðanna í gegnum HB statz kerfið. Tvo aðila þarf til að taka tölfræðina. Mikilvægt er að vel sé staðið að tölfræði í deildinni þar sem hún er mikilvæg upp á fjölmiðlaumfjöllun o.fl. Mótanefnd hefur því heimild til að sekta ef tölfræðin er illa unnin eða henni alls ekki sinnt. Mótanefnd leggur mikla áherslu á að félögin sinni HB Statz vel.

Myndbandsupptökumaður og bein útsending

Skylda er að taka upp alla leiki í Olísdeildum, bikarkeppni og umspili Grill-66 deildarinnar. Sjálfvirkar upptökuvélar frá Spiideo sjá um upptökurnar og eru allir leikir meistaraflokka sýndir í beinni útsendingu í Handboltapassanum.

Moppur

Tveir til fjórir aðilar skulu vera viðbúnir því að þurrka svita, vatn eða önnur óhreinindi af leikvellingum þegar dómara óska eftir því hvort sem leikur er í gangi eða ekki. Þessir aðilar skulu vera starfi sínu vaxnir og sitja að jafnaði í hornunum fyrir utan leikvöllinn.

Á leikdag

1. Sjá til þess að aðgengi liða að íþróttahúsi sé greitt og að lið hafi aðgang að klefum minnst 90 mínútum fyrir leik. Klefar skulu merktir nafni liðs og aðalstuðningsaðila deildarinnar.
2. Miða skal við að tæknifundur hefjist eigi síðar en 75 mínútum fyrir leik í efstu deild en 45 mín fyrir leik í neðri deildum og þá á leikskýrsla að vera tilbúin í HB ritara. Óheimilt er að gera nafnbreytingar á leikskýrslu eftir að tæknifundi lýkur. Ef koma upp tæknileg vandamál varðandi leikskýrslu í HB ritara skal leggja fram handskrifaða skýrslu og er það sú leikskýrsla sem gildir þrátt fyrir að skýrslan verði á endanum aðgengileg í HB ritara.
3. 60 mínútum fyrir leik skulu allar auglýsingar vera uppsettar.
4. Kynnir skal hafa aðgang að sínu svæði minnst 60 mínútum fyrir leik. Það svæði þarf að hafa sýn yfir allan völlinn og aðgang að hljóðkerfi.
5. Ritara- og tímavarðaborð skal rúma 4 starfsmenn (viðmið er 3m x 70cm) og ekki vera nær leikvelli en 50 cm.
6. 16 stólar skulu vera fyrir hvort lið (5 starfsmenn og 9 skiptimenn) og skal þeim raðað upp þannig að þeir byrji 3,5m frá miðlínu vallar og skulu þeir vera 2 metra frá hliðarlínu þar sem það er hægt.
7. Tveir stólar á áhorfendasvæði skulu vera sérstaklega merktir fyrir leikmenn eða starfsmenn sem fá útilokun í leik. Þessir stólar skulu vera utan svæðis þar sem auðvelt væri að ná til leik- eða starfsmanna á skiptisvæði.
8. 60 mínútum fyrir leik skal völlurinn vera tilbúinn fyrir upphitun fyrir bæði lið.
9. 45 mínútum fyrir leik skulu keppnisboltar (Select) vera tilbúnir á ritaraborði.
10. 45 mínútum fyrir leik skal tónlistarstjóri byrja að spila tónlist.
11. 45 mínútum fyrir leik skal aðstaða fyrir blaðamenn vera tilbúin með stól, borði, nettengingu, rafmagnstengingu og veitingum fyrir hvern blaðamann.
12. 60 mínútum fyrir leik skal aðstaða fyrir sjónvarp vera tilbúin. Hún skal vera gegnt áhorfendum en séu áhorfendur beggja vegna vallar skulu myndavélar vera gegnt áhorfendum heimaliðs.

Tæknifundur og leikskýrsla

Eftirlitsmaður/dómara, ábyrgðarmaður og fulltrúar beggja liða skulu hittast á tæknifundi sem miðað er við að hefjist eigi síðar en 75 mínútum fyrir leik í efstu deild en 45 mínútum fyrir leik í neðri deildum. Þar skal farið er yfir lit búninga (leikmanna, dómara og starfsmanna liða), inngöngu liða, tímasetningar, leikskýrslu, öryggismál o.fl.

Hlutkesti fer einnig fram á tæknifundinum.

Á þeim fundi skal leikskýrsla vera tilbúin til yfirferðar í HB ritara. Ekki er heimilt að bæta við leikmönnum eða gera nafnbreytingar á leikskýrslu eftir að eftirlitsmaður/dómari tilkynnir að tæknifundi sé lokið og geta slíkar breytingar eftir það leitt til kæru á framkvæmd leiksins, sjá nánar í reglugerð HSÍ um handknattleiksmót.

Heimalið skal útvega merkingar á starfsmenn liðanna (A, B, C, D og E) sem þeim er skylt að bera í leikjum eftir því hvernig þeir eru skráðir á leikskýrslu.

ATH. LEIKSKÝRSLA VERÐUR AÐ VERA TILBÚIN FYRIR TÆKNIFUND

MJÖG MIKILVÆGT ER AÐ FÉLÖGIN KYNNI SÉR NOTKUN Á HB-RITARI OG ÞJÁLFI STARFSFÓLK SITT Í NOKTUN Á KERFINU.


Innganga liða

Skulu leikmennirnir stilla sér upp eins og mynd 4 sýnir.

Þessari athöfn skal ábyrgðarmaður stýra og gera liðsstjórum grein fyrir inngönguleiðum.

- 8 mínútum fyrir leik líkur upphitun og lið halda til búningsklefa (dómari eða leikklukka gefur merki). Leikklukka skal telja niður að þessum tímapunkti þar sem þess er kostur.
- 6 mínútum fyrir leik stilla lið sér upp. Fyrstir í röðinni eru dómarar og loks liðin hlið við hlið, fyrirliðar fremst, þá markmenn og loks aðrir leikmenn í númeraröð.
- 5 mínútum fyrir leik er gengið inn. Allir aðilar raða sér upp á miðjan völlinn og **athugið sérstaklega að** leikmenn snúi að myndavélum/stúku (sjá mynd 4).
- 4 mínútum fyrir leik hefst kynning á leikmönnum aðkomuliðs og heimaliðs auk dómara í þessari röð. Ekki skal byrja að kynna aðkomulið fyrr en liðið hefur stillt sér upp fyrir kynningu.
- 1 mínútu fyrir leik takast allir leikmenn í hendur og um leið er lesinn "fair play" texti á íslensku.

Ef brugðið er út af þessari inngöngu t.d. leikmenn hlaupa inn á einn og einn í einu eða yngri leikmenn leiða leikmenn skal ábyrgðarmaður leiks tilkynna það á tæknifundi.



Mynd 4

Eftir leik

- Þegar leik er lokið raða liðin og dómarar sér upp og takast í hendur.
- Strax eftir leik eiga fjölmiðlar að fá óheftan aðgang að leikmönnum og starfsfólki liða. Þó hafa fjölmiðlar ekki aðgang að búningssklefum liðanna. Sjónvarps- og myndbandsviðtöl skulu fara fram á sérstöku viðtalssvæði fyrir framan skilti með lógóum samstarfsaðila félagsins og samstarfsaðila deildarinnar og hvergi annars staðar. Aðrir fjölmiðlar mega taka sín viðtöl annars staðar.
- Á þeim leikjum þar sem er eftirlitsmaður klárar hann leikskýrslu að leik loknum með dómurum. Þegar eftirlitsmaður er ekki á leik þarf ritari að klára skýrslu með dómurum leiksins. Leikskýrslur skulu alltaf vera staðfestar í HB ritara.
- Koma þarf úrslitum á samfélagsmiðla og á heimasíðu heimaliðs ásamt stuttri samantekt um leikinn.

Almennt

Frá þeim tíma, sem keppnislið, starfsmenn þeirra, eftirlitsmenn og dómarar koma í hús og þar til þeir yfirgefa það, skulu starfsmenn gæta öryggis þeirra og að þau verði ekki fyrir ónæði af utanaðkomandi. Sérstaklega skal gæta þess að enginn utanaðkomandi fái aðgang að búningsherbergjum leikmanna og dómara allan þann tíma sem þeir eru á staðnum. Aðkoma fyrir sjúkrabíl skal alltaf vera greið að keppnisstað og sjúkrabörur til taks hjá húsverði.

Leikmenn, starfsmenn liða, eftirlitsmenn og dómarar skulu hafa greiðan aðgang að búningsherbergjum strax þegar flautað hefur verið til loka fyrri hálfleiks og eftir leik.

8 mín eftir að flautað hefur verið til loka fyrri hálfleiks skulu leikmenn, starfsmenn og dómarar ganga til leiks að nýju.

10 mín. eftir að flautað var til loka fyrri hálfleiks skulu dómarar flauta á upphaf seinni hálfleiks.

Heimilt er á tæknifundi að lengja leikhlé í 15 mín séu fyrir því sérstakar ástæður sem eftirlitsmaður/dómarar samþykkja.

Starfsmenn á keppnisstað skulu vera sérstaklega auðgreindir þannig að allir geti séð að um starfsmann er að ræða. Það er á ábyrgð heimaliðsins að öryggi dómara, eftirlitsmanna, leikmanna og áhorfenda sé tryggt.